

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja „hópleik“ jafnhliða hefðbundinni starfsemi. Stjórn félagsins setur reglur um starfrækslu hópleiksins. Þátttaka í hópleiknum veitir ekki rétt til peningaverðlauna.

5. gr.

Við 19. gr. bætist ný málsgrein eftir 3. mgr. sem orðist svo:

Við sérstök tilefni þegar skortur er á kappleikjum á getraunaseðilinn er félaginu heimilt að láta úrslit sérstakra leikja gilda eins og staðan er í hálfleik annarsvegar og síðan einnig að leik loknum. Þessir leikir skulu vandlega merktir á blaði sem félagið gefur út um leiki getraunaumferðarinnar.

6. gr.

Í 28. gr. falli niður orðin: og gildir til mánudagsins 6. apríl 1992.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. mars 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

### um afnám veiðibanna fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 461 1. október 1991 um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða og reglugerð nr. 525 13. nóvember 1991 um bann við tilteknum veiðum í Eyrarbakkaflug.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. mars 1992.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*